

Amtið er yður því samdóma um, að hinu umræddi styrkur, sem veittur var Sigurði Bergssyni í marz 1897 af sveitarfje Neshrepps utan Ennis, hafi verið lögmætur og því slitið sveitfestisdvöl hans í nefndum hreppi, og skal fyrnefndur úrskurður yðar í máli þessu standa óhaggaður.

44

Þetta gefst yður hjermeð þjenustusamlega til vitundar yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndunum í Skógarstrandarhreppi og Neshreppi utan Ennis.

Auglýsing

45

19. marz

um

að burt skuli falla árið 1900 aukapóstferðirnar milli Stórafjarðarhorns og Kleifa í 5.—12., og milli Saurbæjar og Skipaskaga í 6.—12. ferð landpóstanna.

Svo hefir verið kveðið á um, að burt skuli falla í 5.—12. pósthæð landpóstanna 1900 aukapóstferðirnar milli Stórafjarðarhorns og Kleifa (þriðji Strandasýslupósturinn) og aukapóstferðirnar milli Saurbæjar og Skipaskaga (fyrsti Borgarfjarðarpóstur) í 6.—12. ferð landpóstanna s. á.

Þetta er öllum hlutaðeigendum til vitundar gefið.

Reykjavík, 19. marz 1900.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Samþykkt

46

um kynbætur hrossa í Vesturskaptafellssýslu.

Sýslunefndin í Vesturskaptafellssýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í Vesturskaptafellssýslu.

1. gr.

Á hausthreppaskilum ár hvert skal breppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar annast um, að kosin sje 3 manna nefnd, er hafi nákvæmt eptirlit með kynbætur hrossa, samkvæmt reglum þeim, sem hjer eru settar. Nefndarmenn kjósa sjer formann, er stýrir gjörðum nefndarinnar.

2. gr.

Kosningarrjett og kjörgengi til nefndar þessarar hefir hver búandi og búlaus maður í hreppnum, sem ekki er öðrum háður sem hjú og er hver sá skyldur að taka á móti kosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu jafnlangan tíma.

3. gr.

Nefnd þessi skal kveðja eigendur hrossa til þess að koma með hryssur sínar og stóðhesta, er ætla má að gætu verið til kynbóta, til sýnis á hentugum stað í hreppnum, og sömuleiðis á hentugum tíma, og skal nefndin þá velja kynbótahryssur og stóðhesta svo marga, sem hún álitur þurfa í hreppnum.

4. gr.

Fyrir lok árs hvers sendir kynbótanefndin sýslunefndarmanninum í hreppi sínum skýrslu um störf sín; gjörir hann við hana athugasemdir, ef honum þykir ástæða til, og sjer um að skýrslan ásamt athugasemdum komist á næsta fund sýslunefndarinnar. Skýrslan sje undirrituð af öllum nefndarmönnum.

5. gr.

Stóðhestar til undaneldis skulu sem mest fullnægja eptirfylgjandi skilyrðum:

- a) Að þeir sjeu eigi getnir af ofskyldum foreldrum t. d. ekki móður og syni eða systkinum, og að þeir sjeu af holdsömu og hraustu kyni.
- b) Að þeir hafi hreinan gang, vakran eða klárgengan, og að sá gangur sje ættgengur, helzt í báðar ættir.
- c) Að þeir sjeu einlitir og af einlitri ætt, helzt í báðar ættir, samt ekki hvítir nje glaseygðir eða af hvítu nje glaseygðu kyni.
- d) Að þeir sjeu gjörfulegir á vöxt og stórir, hausfríðir, kjálkapykkir, bogmekktir, þreknir um bóga, bein- en stutthryggjaðir, lendbrattir og lendbreiðir, vöðvapykkir, snögg- og þjetthærðir, þrúðir á fax og tagl, rjett-hæfðir og hófarnir dökkir, pung- og eistnasíðir.

6. gr.

Hryssur þær, er stóðhesta skal undan ala, skulu að sínu leyti, að því er frekast verður, fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir stóðhesta, og auk þess hafa útskotna nára. Eigi skulu stóðhestamæður yngri vera en 5 vetra og ekki eldri en 15 vetra.

7. gr.

Aðalregla sje að gelt sjeu öll hestfolöld, sem ekki eru fyrirhuguð til kynbóta, en þeir aðrir folar, sem ekki eru folaldsgeltir og ekki ætlaðir til undaneldis, skulu geltir, ekki seinna en fyrir góulok, er þeir eru á 2. votur, ef það er unnt skapnaðar vegna, annars í hið síðasta fyrir miðjan maímánuð. Folar þeir, er ekki verða geltir innan þess tíma, skulu sýndir kynbótanefndinni og skal nefndin þá hafa eptirlit með, að þeir verði geltir svo fljótt sem unnt er.

8. gr.

Ávalt skulu stóðhestar þeir og hryssur, sem til undaneldis eru valin,

vera vel haldin, svo þau nái svo fljótt auðið er sem mestum og beztum 46 þroska, og skal kynbótanefndin sjerstaklega hafa eptirlit með meðferð þeirra. Stóðhestana má nota til undaneldis úr því þeir eru 3 vetrir og til þess þeir eru 5—6 vetra, en hryssur skulu ekki leiddar til fola fyrir en þær eru 3 vetrar. 2 vetra hryssur skal, að svo miklu leyti sem unnt er, verja því, að þær fyljist.

9. gr.

Eigendur hesta sjeu skyldir til eptir áskorun kynbótanefndar, að ljá þá til undaneldis á áðurnefndum aldri, og má ekki gelda þá fyrir að vorinu en í lok júnímánaðar, svo ekki missist góður tími af hryssum. Þó má kynbótanefndin veita undanþágu frá þessu, þá er henni þykir ástæða til, en sjá skal hún um, að fram að fardögum ár hvert sjeu nægilega margir stóðhestar 3—5 vetra í hreppi sínum. Heimilt er kynbótanefndinni, að ákveða eigendum stóðhestanna hæfilegan toll, eptir ástæðum, fyrir brúkun þeirra, og skal hann goldinn fyrir hverja hryssu, er við hestinum fær, af eigendum hryssanna, nema hreppsnefndin vilji í þess stað greiða hæfilega þóknun af sveitarsjóði.

10. gr.

Hryssur, er fyljast hafa, skal ekki hafa til erfiðrar brúkunar næsta mánuð á eptir og sem minnst að vetrinum. Kynbótahesta má ekki brúka hvorki til reiðar nje áburðar, fyrir en þeir eru orðnir 4 vetra og aldrei nema vægilega meðan þeir eru notaðir til undaneldis, en að því loknu skulu þeir geltir.

11. gr.

Allt það eptirlit, er hafa þarf á því, að samþykkt þessari sje fylgt, svo sem ráð er fyrir gjört í lögum 11. des. 1891 um kynbætur hrossa, skal falið hinum kosnu kynbótanefndum.

Kostnað þann, er leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar, skal greiða úr sveitarsjóði.

12. gr.

Brót mót samþykkt þessari varða sektum, og falla þær í sveitarsjóð þar sem brotið er framið. Upphæð sektanna má eptir atvikum nema allt að kr. 50,00.

13. gr.

Með brót mót samþykkt þessari skal farið sem með almenn lögreglumál.

Undir eins og samþykkt þessari er komin í gildi, skal sæta hinu fyrsta tækifæri, að gelda alla þá stóðhesta á hvaða aldri sem eru, sem óhæfir eru til undaneldis eptir samþykkt þessari.

46

Samþykkt þessi, sem almennur hjeraðsfundur hefur fallizt á, er hjer-
með staðfest af undirskriftum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. septbr. 1900.

Suðuramtið, Reykjavík 6. apríl 1900.

J. Havsteen.

47

Sjóðir prestaskólans 1899.

I. Prestaskólasjóðurinn.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1898:		
a. Veðskuldabréf	kr. 3100,00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 1077,51	
c. Innstæða í Landsbanka	— 126,97	kr. 4304,48
2. Vextir á árinu 1899:		
a. Af veðskuldabréfi	— 124,00	
b. Af innstæðu í Söfnunarsjóði	— 43,10	
c. Af innstæðu í Landsbanka	— 3,93	— 171,03
	Samtals	kr. 4475,51

Gjöld:

1. Styrkur veittur stúdentum	kr. 80,00	
2. Eptirstöðvar við árslok 1899:		
a. Veðskuldabréf	kr. 3100,00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 1120,61	
c. Innstæða í Landsbanka	— 174,90	— 4395,51
	Samtals	kr. 4475,51

II. Gjóf Halldórs Andriessonar.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1898.		
a. Veðskuldabréf	kr. 2800,00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 216,82	
c. Innstæða í Landsbanka	— 135,14	kr. 3151,96
2. Vextir á árinu 1899.		
a. Af veðskuldabréfum	— 112,00	
b. Af innstæðu í Söfnunarsjóði	— 8,67	
c. Af innstæðu í Landsbanka	— 4,27	— 124,94
	Samtals	kr. 3276,90